

Erindi nr. B 117 / 447

komudagur 18/12 1993

17. desember 1993

## LJÓÐHAGSSSUFNUN

Um áhrif tillagna formanns efnahags- og viðskiptanefndar  
í skattmálum

Afkoma ríkissjóðs	Milljónir króna
1. Vsk lækkaður úr 24,5% í 23% og jafnframt hætt við áform um lækkun vsk á matvæli	600
2. Vaxtabætur hækkaðar	-200
3. Barnabótaauki hækkaður	-350
4. Tekjuskattur félaga hækkaður frá áformum í fjárlagafrumvarpi úr 33% í 35%	150
5. Hætt við áform um sérstakt 0,35% tryggingagjald	-560
6. Fólksflutningar og gisting verði undanþegin vsk en greiði áfram tryggingagjald	-250
7. Eignarskattstofn breikkaður	600
8. Hætt við lækkun vörugjalds á nokkrar tegundir sem tengd var lækkun vsk á matvæli	160
<b>Samtals</b>	<b>150</b>
<b>Verðlagsáhrif</b>	
Lækkun vsk á matvæli	-0,9
Lækkun vsk í 23%	-0,9
Hætt við áform um sérstakt 0,35% tryggingagjald	-0,15
Fólksflutningar, gisting og fleira	-0,05

Tillögur formanns efnahags- og viðskiptanefndar  
í skattamálum: Lauslegt mat á áhrifum

---

Þjóðhagsstofnun hefur að beiðni formanns efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis metið lauslega áhrif tillagna hans á afkomu ríkissjóðs, verðlag og fleiri hagstærðir.

Umræddum tillögum er lýst í töflu sem fylgir hér með og þar kemur einnig fram mat á áhrifum þeirra á afkomu ríkissjóðs. Samtals eru tillögurnar taldar skila ríkissjóði um 150 milljónum króna.

Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjárlaga er gert ráð fyrir því að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1994 verði 104.203 milljónir króna. Tillögur formanns efnahags- og viðskiptanefndar kæmu þannig fram í fjárlögum að tekjuhlíð þeirra lækkaði um 150 milljónir króna, yrði 104.053 milljónir króna, en útgjaldahlíðin lækkaði um 300 milljónir.

Þetta skýrist af því að lækkun almenna skatthlutfalls virðisaukaskatts hefur bæði áhrif á tekju- og gjaldahlíð fjárlaga þar sem ríkissjóður greiðir virðisaukaskatt vegna kaupa á margs konar vörum og þjónustu. Þjóðhagsstofnun telur að lækkun skatthlutfallsins úr 24,5% í 23% minnki útgjöld ríkissjóðs um nálægt því 300 milljónir króna. Þá er ekki talinn með sparnaður sveitarfélaga.

Lækkun vsk á matvæli og lækkun almenna skatthlutfallsins eru talin skila svipuðum áhrifum á verðlag, lækka framfærsluvísitöluna um nálægt því 0,9%. Við bætist samkvæmt tillögum að hætt er við álagningu sérstaks tryggingagjalds, fólksflutningar og gisting eru áfram undanþegin virðisaukaskatti og vörugjöld breytast nokkuð. Þetta leiðir til þess að vísitala framfærslukostnaðar lækkar um fimmtung úr prósentu eða svo (sjá töflu).

Umræddar tillögur hafa með ýmsum hætti áhrif á kaupmát. Þannig hefur minni verðbólga í för með sér aukin kaupmát og í sömu átt ganga að sjálfsögðu hækkunar bóta. Á móti vegur hins vegar að skattar á eignir eru hækkad. Í tillögunum felast því tilfærslur í skattlagningu á þá leið að kaupmáttur launa og hvers konar bóta eykst nokkuð en ráðstöfunarfé eignamanna minnkar. Þegar á heildina er litið eru hins vegar áhrifin á kaupmát ráðstöfunartekna ekki veruleg.

Þessar breytingar eru í sjálfu sér ekki stórvægilegar í þjóðhagslegu samhengi þótt þær hniki til ýmsum hagstærðum. Í þessu sambandi er þó nauðsynlegt að benda á að erfitt er að meta ýmis atriði breytinga af þessu tagi. Engu að síður geta þetta verið atriði sem skipta miklu máli en eru einfaldlega þess eðlis að tölulegu mati verður vart við komið. Hér er sérstaklega bent á að lækkun vsk á matvæli veikir virðisaukaskattkerfið þar sem innheimta og eftirlit verður erfiðara. Engin tilraun er gerð hér til að meta til þennan þátt.